

## Þýskur banki í hópi nýrra eigenda Búnaðarbanka Íslands hf.

Sameiginleg fréttatilkynning seljenda og kaupenda að lokinni undirskrift samnings

16. janúar 2003

**Valgerður Sverrisdóttir, viðskiptaráðherra og Geir H. Haarde, fjármála-ráðherra, undirrituðu í dag kaupsamning f.h. íslenska ríkisins við Eglu hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Samvinnulífeyrissjóðinn og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar um kaup þeirra síðarnefndu á 45,8% hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf.**

Egla er hlutafélag í eigu þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kers hf. og Vátryggingafélags Íslands hf.

Kaupsamningurinn var undirritaður í höfuðstöðvum Búnaðarbankans í Reykjavík Hann er gerður á grundvelli samkomulags aðila frá 15. nóvember 2002. Þar var m.a. kveðið á um að kaupverð væri rúmlega 11,9 milljarðar króna.

- Afhending og greiðsla hlutabréfanna verður tvískipt. Annars vegar 27,48% hlutafjár í kjölfar undirritunar kaupsamningsins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, hins vegar rúmlega 18,32% eigi síðar en 20. desember 2003.
- Núvirt meðalgengi hlutabréfa í viðskiptunum er 4,81.
- Kaupverð er að tveimur þriðju hlutum greitt í Bandaríkjadöllum og verður einkum nýtt til greiðslu erlendra skulda ríkissjóðs.
- Hlutabréf, sem nema þriðjungi heildarhlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf., eru bundin þeim kvöðum að kaupendum er óheimilt að selja þau í 21 mánuð frá undirritun kaupsamningsins nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda. Samkvæmt samningum koma kaupendur fram sem einn hluthafi.
- Eftir þessi viðskipti er eignarhlutur ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. um 9%.

### Eignarhlutir samkvæmt samningnum skiptast með eftirfarandi hætti milli kaupenda:

	Hlutfall
<b>Egla hf.</b>	<b>71,2%</b>
- Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA.	35,6%
- Ker hf.	35,2%
- Vátryggingafélag Íslands hf.	0,4%
<b>Vátryggingafélag Íslands hf.</b>	<b>12,7%</b>
<b>Samvinnulífeyrissjóðurinn</b>	<b>8,5%</b>
<b>Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar</b>	<b>7,6%</b>
Alls	100%

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafði umsjón með sölunni af hálfu ríkisins. Aðalráðgjafi nefndarinnar var enski bankinn HSBC. Aðalráðgjafi kaupenda var franskur bankinn Société Générale.